

Sp. 30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]
um aukna hagnýtingu á saltsíld.

Flm.: Jón Árn. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd, er rannsaki möguleika á aukinni hagnýtingu saltsíldar til útflutnings. Þessi rannsókn beinist að framleiðslu á síldarflökum og sölu á þeim í smápakkningum. Eftirtaldir aðilar tilnefni menn í nefndina: Landssamband ísl. útvegsmanna einn mann, félög síldarsaltenda sameiginlega einn mann, síldarútvegsnefnd einn mann og viðskiptamálaráðuneytið einn mann. Formaður nefndarinnar verði skipaður án tilnefningar. Nefndin skili tillögum sínum eigi síðar en í febrúarlök 1970.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu mjög síldaraflí hefur minnkað á tveimur s. l. árum. Þessi aflabrestur hefur komið mjög hart niður á þjóðarbúskap landsmanna, en einkum þó á vissum svæðum, sem treystu um of einhliða á síldina, og svo er einnig um marga útvegsmenn, er halda skipum sínum enn til síldveiða. Það er augljóst mál, að verði ekki brugðið skjótt til róttækra aðgerða til þess að vinna bug á aflaleysinu og skapa sem mest verðmæti úr þeim litla afla, er fæst, lognast öll síldarútgerð og síldarvinnsla í landinu út af. Þótt margir hafi litla samúð með síldinni og jafnvel svo, að þeir kenni henni um margt illt hér, þá er öflun síldar og vinnsla óhjákvæmileg enn um marga tugi ára og ætla má ætíð hér á landi. Aflist síldin ekki, geta menn ekki heldur fengið beitu og gert út til þorskveiða. Þeim, sem hugleiða um nauðsyn síldarútvegs, er ljóst, að ekki dugir, að sú atvinnugrein lognist út af. Svo mikið er í húfi.

Þótt afli minnki úr mörgum hundruðum þúsunda tonna niður í nokkur þúsund tonn, þarf það ekki að verða til þess, að aflaverðmætið minnki að sama skapi. Raunar er það vitað, að við minna framboð hækkar verðið mjög fljótt á saltsíldinni, en hitt skiptir þó meira máli að geta hagnýtt hvert kíló, er á land kemur, sem allra bezt og veitt þannig fjölda fólks atvinnu við aukna hagnýtingu aflans. Það er alkunna, að vissir staðir eru í miklum erfiðleikum vegna þess, að síldin kemur ekki, og þótt smámagn komi, þá bjargar það ekki fólki frá atvinnuleysinu, nema breyting verði á vinnslu síldarinnar. Hér þarf að koma til aukin nýting á síldinni. Þá er helzt að hefja flökun og pökkun síldarinnar í smápakkningar og flytja hana alla út þannig. Slík vinnubrögð veita hundruðum manna vinnu um langan tíma, og einnig má vænta þess, að verðmætisaukning verði að minnsta kosti tvöföld eða meira eftir pakkningum. Til þess að koma slíkri starfsemi á fót víða um landið þarf ríkisvaldið að hjálpa til, og þess vegna er þessi tillaga flutt. Nauðsynlegt er að kanna alla möguleika rækilega til þess að forðast mistök í upphafi við flökun og sölu flakanna. Nú hefur lítilsháttar flökun átt sér stað, en ekki er skipulega að þessu unnið. Það, sem þegar hefur verið gert af einstaklingum, spáir góðu um þessa vinnslu.

Síldarútvegsnefnd hefur gert tilraunir með flökun, en það tókst illa til hjá nefndinni. Ekki er þess að vænta, að nefndin hafi hér nokkra forustu á hendi, og verða aðrir að koma til í þeim efnum. Nú er heimilt að selja saltsíld í 15 kg pakkningum og minna fram hjá nefndinni, en þessu hefur ekki verið nægilega gaumur gefinn. Vegna atvinnuástandsins víða um land er afar nauðsynlegt að stuðla að sem mestri nýtingu síldarinnar, því að betri nýting veitir mikla vinnu og getur verið framkvæmd á þeim tíma, er atvinna er annars stopul.

Í landinu eru nú skráðar nær 100 söltunarstöðvar, sem eru í miklum erfiðleikum og munu sjálfsagt margar lognast út af. Hins vegar eru víða góð húsakynni til og þarf því ekki nýja fjárfestingu til þess að hefja aukna vinnu við saltsíldina. Það má í flestum tilvikum gera í þeim húsakynnum, sem fyrir eru. Einnig eru plastumbúðirnar framleiddar hér á landi, ef þær þykja henta, og mundi það vera geysileg hjálp fyrir umbúðaiðnaðinn hér. Gott er að fá allt heimafergið, en ekki erlendir trétunnur.

Það er mjög á lofti að lofa stóriðnaðinn, og margt gott má um hann segja, en ekki er það sáemandi að hefjast ekki handa um stórátak til fullnýtingar á saltsíldinni, þegar afli dvínar svo mjög sem undanfarið. Það er staðreynd, að síldina vilja milljónir manna fá, og ættum við því ekki að vera í vandræðum að selja góða og vel unna saltsíld í minni umbúðum en venja hefur verið hingað til. Takmark okkar á að vera að fullvinna alla saltsíld á t. d. næstu 3 árum og hætta að selja síldina heila úr landi í trétunnum. Þá verður síldariðnaður aftur ekki minna búsi-lag en t. d. álverið, en mun auk þess veita miklu fleira fólki atvinnu. Þess er því að vænta, að þingsályktunartillagan fái skjótan og góðan gang gegnum háttv. Alþingi.

Þátttaka í síldveiði 1965—69.

1965	234 skip
1966	202 —
1967	168 —
1968	120 —
1969	62 —

Útflutningur á saltsíld í tunnum.

5 ára meðaltal:

1941—45	57 772 tn.
1946—50	125 354 —
1951—55	175 438 —
1956—60	262 488 —
1961—65	439 842 —

	Norður-Austur- Suðv.land		Alls tonnur
	land tn.	tn.	tn.
1966	379 882	39 997	409 879
1967	328 444	45 949	374 393
1968	173 311	20 595	193 906

Síldveiðar suðvestanlands 1965—1968.

	1968	1967	1966	1965
	tonn	tonn	tonn	tonn
Janúar	142	8 907	10 529	33 326
Febrúar	2 892	1 766	570	14 104
Marz	24	14	262	2
Apríl	—	—	1 900	722
Mai	42	—	5 215	11 617
Júní	277	11 595	14 113	17 390
Júlí	378	26 471	5 336	39 787
Ágúst	332	9 137	19 565	8 045
September	—	—	3 703	6 983
Október	7 967	1 734	2 423	3 404
Nóvember	3 983	12 622	77	34 837
Desember	804	6 189	279	16 929
Samtals	16 741	78 435	63 972	187 146